

Föstudaginn 4. febrúar 1983.

Nr.156/1982.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Friðbergi Leóssyni

(Ólafur Þorláksson hrl.).

Vélsleði (beltabifhjól). Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1982, og barst ágríp máls 23. september þ. á.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, honum verði dæmd refsing og hann sviptur ökuleyfi og enn fremur dæmt að greiða allan sakarkostnað í héraði og kostnað við áfrýjun málsins.

Verjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara er þess krafist, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög heimila, og að ökuleyfissvipting verði dæmd jafnskamman tíma og lög leyfa. Þá er þess krafist, að allur kostnaður af áfrýjun málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda. Hvernig sem mál dæmist, krefst verjandi þess, að sér verði dæmd málsvarnarlaun.

Ákærði er fæddur 1946, en eigi 1948, eins og segir í héraðsdómi.

Vélsleði sá (beltabifhjól), sem ákærði ok, er ökutæki í merkingu umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976, 1. gr., er breyta 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Sannað er, að ákærði var undir áhrifum áfengis, er hann ók vélsleðanum í umrætt skipti. Eins og sakargögnum er farið, þykir atferli hans varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. Ákærði hefur ökuréttindi. Þess verður að krefjast af bifreiðarstjórum, að þeir þekki ákvæði umferðarlaga, og þess er sérstaklega að geta hér, að lagaákvæðin um beltabifhjól (vélsleða) voru birt 11. júní 1976 og höfðu verið í gildi rösklega 4½ ár, er ákærði framdi

brot sitt. Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga ekki við um háttsemi hans. Ákærði hefur þrívægis sætt refsingu og ökuleyfisviptingu vegna ölvunaraksturs, síðast með ítrekunarhæfri dómssátt í sakadómi Þingeyjarsýslu 12. október 1978. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6.000.00 krónur sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Þá sæti hann ökuleyfisviptingu ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, sbr. 81. gr., 3. mgr., umferðarlaga nr. 40/1968, en hann sætti vegna brots þessa ökuleyfisviptingu til bráðabirgða frá 1. febrúar 1981 til áramóta 1981/1982.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, 2.000.00 krónur. Þá greiði hann allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Friðbergur Leósson, sæti 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 2.000.00 krónur, og enn fremur greiði hann allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 21. desember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 21. desember, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Sigurði Gizurarssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1981: Ákærvaldið gegn Friðbergi Leóssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað samkvæmt ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 3. júní 1981, gegn Friðbergi Leóssyni, til heimilis að Fjarðarvegi 21, Þórshöfn,

fyrir að aka fimmtudaginn 1. jan. 1981 undir áhrifum áfengis óskráðu beltabífhjóli frá Vesturvegi 2 á Þórshöfn um götur þorpsins og að Austurvegi 14 þar í þorpinu.

Telur ríkissaksóknari atferli þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976.

Krefst ríkissaksóknari þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 4. júlí 1948 í Hagalandi í Þistilfirði, Norður-Þingeyjarsýslu, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1966 14/7 í Þingeyjarsýslu: Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 8 mán. frá dómsbirtingu.
- 1970 14/1 í Keflavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot gegn 4., 5., 17. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga.
- 1970 12/5 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga.
- 1971 9/5 í Árnessýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1972 24/5 í Keflavík: Dómur: 16 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 215. gr., 218. gr. og 219. gr. hegningarlaga og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 47. gr., 2. mgr. og e lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11/8 1971.
- 1972 16/12 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1976 1/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1978 12/10 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 4/10 1978.
- 1978 12/10 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga.
- 1981 5/5 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru sem hér segir:

Ákærði var á dansleik í félagsheimilinu Þórsveri á nýársnótt 1. jan. 1981 og hafði þar áfengi um hönd. Síðla nætur, líklega rétt eftir kl. 0600, ók lögreglan á Þórshöfn honum heim eftir dansleikinn. Og var hann þá vel undir áhrifum áfengis. Enginn var heima, er þangað var komið, svo að

ákærði fór aftur út og hitti Jón Hermannsson, Vesturvegi 2, Þórshöfn, á göngu á Langanesvegi. Fóru þeir síðan heim til Jóns, og þaðan ók ákærði hinu óskráða beltabifhjóli (vélsleða), eign Jóns Hermannssonar, heim til ákærða, en Jón sat fyrir aftan ákærða. Skömmu síðar héldu þeir aftur frá húsinu Fjarðarvegi 21 og óku vestur Fjarðarveg. Mættu þeir þar lögreglu-bifreið á móts við Hálsveg. Báru lögreglumennirnir, þeir Kjartan Ólafsson og Sigurður J. Sverrisson, kennsl á ákærða og fylgdarmann hans. Veittu þeir bifhjólinu því eftirför, en misstu síðan sjónar af því, er því var ekið norður Langanesveg. Ákærði ók síðan austur Austurveg að húsinu nr. 14. Fóru þeir ákærði og Jón Hermannsson þar inn í húsið, og stóð þar yfir gleðskapur. Ákærði kveðst þar hafa drukkið áfengisblöndu úr vatnsglasi, en stutt stund leið, þar til lögreglumennirnir börðu þar dyra. Höfðu þeir séð beltabifhjólið standa fyrir utan húsið. Báðu þeir ákærða að koma með sér, og gerði hann það af fúsum og frjálsum vilja. Þeir kváðu ákærða hafa verið áberandi ölvaðan að sjá. Var síðan farið til héraðslæknisins, Mána Fjalarssonar, og tekið blóðsýni úr ákærða. Kveður lögreglumaðurinn á Þórshöfn, Kjartan Ólafsson, ákærða þar hafa verið ósáttan við málsmeðferðina og hafa haft í frammi dylgjur við sig. Kveður lögreglumaðurinn ákærða þá ekki hafa verið til viðræðu um ölvunaraksturinn. Kveðst hann því hafa látið ákærða afskiptalausán, er hann tók á rás frá honum eftir blóðtökuna. Blóðsýnið var síðan sent til alkóhólákvörðunar á Rannsóknastofu í lyfjafræði í Reykjavík. Í skýrslu rannsóknastofunnar, dags. 6. jan. 1981, segir, að magn alkóhóls í blóðsýningu hafi reynst vera 2.17 o/oo.

Ákærður var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða samkv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1966. Afhenti ákærði ökuskirteini sitt 1. febr. 1981. Ákærði kom fyrir sakadóm hinn 5. maí 1981. Í framburði hans kemur fram, að hann fékk beltabifhjólið lánað hjá Jóni Hermannssyni, félagi sínum. Kvaðst hann ekki hafa farið í bil sínum, af því að hann hélt sleðann vera löglegan. Hann kvaðst hafa verið á leið á lögreglustöðina á Þórshöfn til að biðja um heimkeyrslu fyrir konu sína, sem hafi beðið í húsinu Kúdá við Langanesveg. Bill hans hafi staðið heima. Hann kveðst ekki hafa verið á neinum hraðakstri. Loks tók ákærði fram, að ekkert það hefði verið í umhverfi hans, sem gæfi til kynna, að vélsleðar lytu sömu reglum og bílar. Kvað hann vera algengt á Þórshöfn, að börn og próflausir væru á vélsleðum.

Í máli þessu verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið nefndu óskrásettu beltabifhjóli undir áhrifum áfengis umrædda nýársnótt 1. jan. 1981. Á hinn bóginn hefur ekki verið afsönnuð sú fullyrðing ákærða, að hann hafi drukkið áfengi, eftir að hann hafði lokið akstri sínum. Þykir alkóhólákvörðun í málinu því ekki vera marktæk um ölvun hans. Í máli þessu er og á það að líta, að beltabifhjól það, sem hann ók, var óskrásett. Vélsleð-

ar, eða öðru nafni beltabífhjól, sem hér er um að ræða, voru með lögum nr. 62 31. maí 1976 felldir ótvírætt undir hugtakið „vélnúíð ökutæki“, sbr. 2. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968. Fram til þess tíma voru engar ótvíræðar lagareglur um vélsleða og eigendur þeirra oft unglingar og jafnvel börn án ökuréttinda samkvæmt umferðarlögum. Allmikil brögd eru og að því, eftir að lög nr. 62/1976 gengu í gildi, að vélsleðar séu ekki skráðir á skrá yfir vélnúin ökutæki.

Í málinu liggur fyrir játning ákærða um, að hann hafi talið sig vera undir áhrifum áfengis, er umræddur vélsleðaakstur fór fram, og þess vegna hafi hann ekki tekið sinn eigin bíl til aksturs. Varðar atferli hans því við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Á hinn bóginn þykir verða að leggja til grundvallar þá staðhæfingu ákærða, að hann hafi, er hann ók nefndu beltabífhjóli umrætt sinn, álitid, að atferli hans væri ekki réttarbrot sökum afsakanlegrar vanþekkingar eða misskilnings á réttarreglum.

Þykir því ákærða ekki verða dæmd refsing í máli þessu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við þá sviptingu til bráðabirgða, sem átt hefur sér stað, þykir þó verða að sitja.

Með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir verða að dæma ákærða til að greiða hálfan málskostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hins, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, greiði ákærði af hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Friðbergi Leóssyni, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærði greiði hálfan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hins, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.